

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Iðnaðarbankans útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Menningarsjóð Iðnaðarbankans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Iðnaðarbankans og er stofnaður í tilefni af 35 ára afmæli bankans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 300 þúsund krónur er haldast skal óskert.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja íslenska menningu og listir.
2. Að veita líknarmálum framgang.
3. Að efla verkmenntun, vísindi og tækni.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Iðnaðarbanka Íslands hf., sem aðalfundur ákveður hverju sinni, vaxtatekjur og önnur framlög sem kunna að berast sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, sem bankaráð kýs til 3ja ára í senn.

6. gr.

Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum.

7. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Iðnaðarbankans og birtir í ársskýrslu bankans.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands hf. 25. mars 1988 og getur eingöngu aðalfundur tekið ákvörðun um breytingar á henni eða að leggja sjóðinn niður. Verði sjóðurinn lagður niður renna eignir hans til Listasafns Íslands og Háskóla Íslands að jöfnu.